

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 40/1933. Magnús Jónsson

gegn

borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi bað um frest til janúarmánaðar næstkomandi til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga í málinu. Umboðsmaður stefnda mótmælti öllum fresti, krafðist frávísunar málsins og ómaksbóta.

Áfrýjunarstefnan í máli þessu hefir verið gefin út 1. maí þá á., og var málið tekið fyrir í júnimánuði og var því frestað til októbermánaðar samkvæmt ósk áfrýjanda, en þar sem áfrýjandi hefir ekki enn lagt fram ágríp dómsgerða í málinu, verður frekari frestur eigi veittur og verður því að vísa stefnunni frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
